



Lauðbladið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

28. árg. 2019 3. tbl.

Rauðgreni tré ársins 2019



Innlend jólatré allra hagar



Á undanförunum árum hefur heimsbyggðin gert sér betur grein fyrir þeirri hættu sem stafar af loftslagsbreytingum af mannavöldum. Almennur gerir ríkari kröfu til stjórnvalda um aðgerðir til að sporna gegn þeirri óheillaþróun sem komin er af stað.

Um leið lítur fólk einnig í eigin barm og athugar hvaða breytingar það geti

gert á lífsstíl sínum og neysluvenjum sem gætu bætt kolefnisbúskap heimilisins og um leið heimsins alls. Nú er jólin ganga í garð með allri þeirri neyslu sem þeim fylgja, er ekki úr vegi að íhuga með hvaða hætti megi fækka kolefnissporum sem hátíð ljóss og friðar skilur eftir sig.

Ein leið sem má fara til að jafna kolefnisbúskap heimilisins fyrir jólin er að velja innlend jólatré fram yfir innflutt. Árlega eru um 50.000 jólatré seld hér á landi, þar af aðeins um 10.000 íslensk. Ætla má að sótspor þeirra trjáa sem flutt eru inn nemi um 162 tonnum af koltvísýringi samkvæmt tölum frá Landssamtökum-skógareigenda. Á nýlegum aðalfundi samtakanna var samþykkt ályktun þar sem lagt er til að sett verði á laggimar tíu ára verkefni í jólatrjáaræktun sem miði að því að fullnægja innlendri eftirspurn. Brynjar Skúlason, skógfræðingur hjá Skógræktinni, viðraði svipaðar hugmyndir í viðtali við RÚV fyrir um ári þar sem hann benti á að með 15 milljóna króna árlegu framlagi til

jólatrjáaræktar gæti innlend jólatrjáaframleiðsla annað eftirspurn eftir lifandi trjám.

Það sama má segja um sígrænar greinar og annað skreytingarefni sem flutt er inn í gámavís en væri hægt að anna með innlendri framleiðslu. Á árunum 1992-2002 voru 60-80 tonn flutt inn af jólagreinum samkvæmt B.Sc.-ritgerð Steinars Björgvinssonar skógfræðings frá árinu 2006. Ætla má að þessar tölur hafi hækkað með árunum en hitt. Þarna er augljóst tækifæri fyrir íslenska skógræktendur til að auka markaðshlutdeild sína enda gæti framleiðsla á greinum og skreytingarefni verið ágætis aukabúgrein með jólatrjáarækt eða annarri skógrækt.

Til mikils er að vinna með því að auka hlut innlendra jólatrjáa og jólagreina á markaðnum. Auk þess að draga úr kolefnisfótsporum sem fylgja flutningum yfir hafði, hefur það margvíslegan annan ávinning í för með sér fyrir umhverfið. Sú hættu er til dæmis alltaf fyrir hendi að óæskileg skordýr, sjúkdómar eða önnur óværa komi með í farteskinu þegar tré eru flutt milli landa. Ekki má heldur gleyma fjárhagslega ávinningnum sem innlend jólatrjáaræktun hefur í för með sér. Í áðurnefndu viðtali við Brynjar Skúlason, kemur fram að landsmenn kaupi jólatré fyrir um 425 milljónir króna á ári og því eftir miklu að slægjast fyrir skógarbændur og skógræktarfélag. Fleiri krónur yrðu eftir hér á landi og myndi þjóðarbúið njóta góðs af því og störfum við skógrækt fjölga.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 28. árgangur, 3. tölublað 2019.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2019:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Jens B. Baldursson
Páll Ingbór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Birgir Gunnlaugsson (BG), Efla- verkfræðistofa, Einar Örn Jónsson (EÖJ), Gísli Karel Halldórsson (GKH), Kristrún Sigurðardóttir (KS), Laufey B. Hannesdóttir (LBH), Nanna Sjöfn Pétursdóttir (NSP), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Sigurður Arnarson (SA), Steef van Oosterhout (SO), Steinar Björgvinsson (SB), Sævar Hreiðarsson (SH).

Rauðgreni í Elliðaárhólma Tré ársins



Skógræktarfélag Íslands í samstarfi við Lambhaga útnefndi rauðgreni (*Picea abies*) í Elliðaárhólma Tré ársins 2019 við hátíðlega athöfn mánudaginn 14. október. Þetta er í fyrsta sinn sem rauðgreni er útnefnt Tré ársins og er tréð sérlega vel vaxið og glæsilegt.

Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, flutti stutt ávarp við athöfnina þar sem hann kom meðal annars inn á tilurð ræktunar í Elliðaárdalnum og hvernig starfsmenn Rafveitu Reykjavíkur hefðu ásamt fjölskyldum sínum ræktað upp þann yndisskóg sem þar stendur nú. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, tók einnig til máls og rifjaði upp hvernig það hefði verið að alast upp í Árbænum með þá náttúruferlu sem Elliðaárdalurinn er í bakgarðinum. Hafberg Þórisson, framkvæmdastjóri Lambhaga, afhjúpaði upplýsingaskilti við tréð og Lára Rúnarsdóttir tónlistarkona tók tvö lög.

Að athöfn lokinni var gestum boðið upp á kaffi og meðlæti í Rafveituheimilinu.

Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ávörpuðu gesti í Elliðaárhólma (Mynd: RF).



Venju samkvæmt var tréð mælt í bak og fyrir og reyndist það 12,2 m á hæð og 23,4 cm í þvermál (Mynd: RF).

Aðalfundur í Kópavogi

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Kópavogi dagana 30. ágúst til 1. september 2019. Gestgjafi fundarins var Skógræktarfélag Kópavogs en það fagnaði hálfrar aldar afmæli á árinu. Milli þess sem gestir sinntu hefðbundnum aðalfundarstörfum og hlýddu á áhugaverð fræðsluerindi, fengu þeir að kynnst grænum svæðum í bæjarfélaginu.

Á föstudag fór hópurinn í heimsókn til Þorsteins Sigmundssonar í Elliðahvammum en þar stundar hann fjölbreytta ræktun ásamt fjölskyldu sinni. Þá var tekið hús á Þresti Ólafssyni, fyrrverandi formanni Skógræktarfélags Reykjavíkur, í Litladal við Lækjarbotna en þar hefur hann ræktað yndisskóg kringum sumarbústað sinn. Deginum lauk svo í Guðmundarlundi þar sem Fræðslusetur Skógræktarfélags Kópavogs og Kópavogsbæjar var vígt við hátíðlega athöfn. Nánar er fjallað um fræðslusetrið í grein á næstu síðu.

Á laugardaginn voru gestir leiddur um trjásafnið í Meltungu en þar er að finna afar merkilegt safn trjáa og runna og fóru gestir um það undir traustri leiðsögn fagmanna. Nærri 1.100 tegundir trjáa og runna er að finna í safninu og aðeins Grasagarður Reykjavíkur og Lystigarðurinn á Akureyri státa af meiri fjölbreytni. Þá er þar að finna einn af Yndisgörðum Landbúnaðarháskólans, aldingarð og rósagarð svo sitthvað sé nefnt.

Hátíðarkvöldverður var haldinn í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem boðið var upp á hátíðardagskrá í boði Skógræktarfélags Kópavogs. Þá voru þrír félagar í Skógræktarfélagi Kópavogs heiðraðir fyrir störf sín í þágu skógræktar en það voru þeir Friðrik Baldursson, Pétur Karl Sigurbjörnsson og Þorsteinn Sigmundsson. Einnig voru þau Elísabet Kristjánsdóttir og Þorvaldur S. Þorvaldsson gerð að heiðursfélögum Skógræktarfélags Íslands.

Nánari upplýsingar um aðalfundinn og samþykktar ályktanir hans má nálgast á vef Skógræktarfélags Íslands - www.skog.is.



Svipmyndir frá fjölbreyttum fræðsluferðum á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands. Meðal annars var komið við í trjásafninu í Meltungu, Elliðahvammum og í Litladal við Lækjarbotna (Myndir: RF).





Nýir heiðursfélagar Skógræktarfélags Íslands í góðum félagsskap Jónatans Garðarssonar, formanns félagsins og Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra á hátíðarkvöldverði á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var í Kópavogi (Mynd: RF).

Fræðslusetur vígt í Guðmundarlundi

Nýtt fræðslusetur var vígt í Guðmundarlundi í lok ágúst en það er sameign Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs. Fræðslusetrið mun gegna fjölbreyttu hlutverki en í húsinu er góður fyrirlestrasalur og fundar- aðstaða. Fræðslusetrið getur orðið lyftistöng í umhverfisfræðslu fyrir grunn- og leikskólabörn í Kópavogi sem um árabíl hafa nýtt sér aðstöðuna í Guðmundarlundi, til dæmis til útikennglu og leikja. Skógræktarfélag Kópavogs sér mörg tækifæri á að nýta þetta glæsilega hús til að efla starfsemi félagsins, byggja upp öflugt og skemmtilegt félagslíf og um leið styrkja alla aðra starfsemi sem fer fram í Guðmundarlundi.

Vígsla fræðslusetursins var liður í dagskrá aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem fram fór í bænum og var mikið fjölmenni við athöfnina. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogsbæjar, ávörpuðu samkomuna og Ármann vígði hið nýja fræðslusetur í Guðmundarlundi.

Skólabörn úr Kópavogi fengu góða hjálp við gróðursetninguna. (Mynd: SA).

Gróðursett voru þrjú myndarleg íslensk reynitré með hjálp barna úr Kópavogi. Karlakór Kópavogs söng undir stjórn Garðars Cortes, Jóhann Björn Ævarsson lék á blásturshljóðfæri gerðu úr birkinæfrum og Nikulás F. Magnússon lék á harmonikku. Boðið var upp á léttar veitingar og dvöldu gestir langt fram á kvöld í Guðmundarlundi í yndislegu veðri.

Stjórn Skógræktarfélags Kópavogs þakkar öllum þeim er tóku þátt í að gera þessa stóru stund svo veglega og eftirminnilega með nærveru sinni.

*F.h. hönd stjórnar Skógræktarfélags Kópavogs
Kristinn H. Þorsteinsson formaður*





Hildigunnur Halldórsdóttir, Barbara Stanzeit, Guðný Guðmundsdóttir, Rósa Hrund Guðmundsdóttir og Júlíana Elín Kjartansdóttir voru glaðbeittar við gróðursetninguna (Mynd: SO).

Sinfóníuskógur í Smalaholti

Sinfóníuhljómsveit Íslands lauk starfsári sínu í sumar með því að taka þátt í samstarfsverkefni við Tónverkamiðstöðina. Verkefnið gengur út á að styðja við og hlúa að yngstu tónskáldum landsins og svo skemmtilega vill til að það nefnist Yrkja, rétt eins og verkefni Skógræktarfélags Íslands sem gengur út á að fá skólabörn til að gróðursetja tré. Það var því vel við hæfi að enda daginn á því að yrkja jörðina með gróðursetningu á trjám í Smalaholti, ræktunarsvæði Skógræktarfélags Garðabæjar.

Hljóðfæraleikarar, starfsfólk og fjölskyldur þeirra fjölmenntu í fyrsta skipti í Smalaholti, nánar tiltekið í landnemareit sem Sinfóníuhljómsveitin hefur

nú tekið að sér. Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari Skógræktarfélags Garðabæjar og Barbara Stanzeit, gjaldkeri félagsins, leiðbeindu fólki um gróðursetninguna og sérvöldu trjáplöntur sem henta í lúpínubreiður. Báðar tengjast þær einnig Sinfóníuhljómsveitinni, Hildigunnur sem fiðluleikari og Barbara sem fastagestur á tónleikum sveitarinnar til margra ára.

Gróðursetningin var liður í því að jafna kolefnisspor hljómsveitarinnar eftir velheppnaða tónleikaferð hennar til Japans. Hljómsveitin lék þar á 12 tónleikum í öllum helstu borgum landsins. Með í för var Vladimir Ashkenazy, aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og japanski píanistinn Nobuyuki Tsujii. Samtals lék hljómsveitin fyrir um 25.000 tónleikagesti við frábærar undirtektir. Framundan eru fleiri tónleikaferðir erlendis og verður gróðursetning héðan í frá fastur liður í félagsstarfi hljómsveitarinnar, ekki síst ánægjunnar vegna.

*Hildigunnur Halldórsdóttir
ritari Skógræktarfélags Garðabæjar*

*Vigdís Másdóttir og Jóel, sonur hennar,
gróðursetja í lúpínubreiðuna (Mynd: SO).*



Skógarhögg fyrir lengra komna

Espen Kirk Hansen, skógarvörður hjá Óslóarborg, kom hingað til lands um miðjan október og hélt þriggja daga námskeið fyrir lengra komna skógarhöggsmenn í Heiðmörk. Jafnframt var hann með stutt opið námskeið fyrir almenning um skógrækt ásamt Aðalsteini Sigurgeirssyni, fagmálastjóra Skógræktarinnar. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt og var meðal annars farið í viðarfræði, líffræði trjáa, viðarmælingar og flutning á timburbolum.

Námskeiðið sóttu 14 þaulvanir skógarhöggsmenn frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Skógræktinni og útmörk Reykjavíkurborgar auk tveggja sjálfstæðra verktaka. Mikil þörf er fyrir námskeið sem þetta enda eykst ekki aðeins grisjunarþörf í skógum hérlandis, heldur verða aðstæður til grisjunar erfiðari og flóknari eftir því sem tré stækka og eldast. Það er því sérlega mikilvægt að viðhalda og efla verkþekkingu og færni, ekki síst þegar kemur að grisjun stærri trjáa. Það er vel við hæfi að sækja þá þekkingu til Norðmanna enda eru þeir ekki aðeins mikil skógræktarþjóð heldur hafa þeir í gegnum tíðina stutt dyggilega við skógrækt hér á landi. Nægir að benda á rannsóknastöðina á Mógilsá og frægarðinn á Taraldsey því til stuðnings.

Espen Kirk Hansen kom hingað fyrir tilstilli norska sendiráðsins og Óslóarborgar en gott samstarf hefur verið milli Skógræktarfélags Reykjavíkur og þessara aðila. Í því sambandi má benda á að undanfarin ár hefur Óslóartréð svokallaða ekki verið flutt yfir hafið heldur sótt í reit Norðmanna í Heiðmörk.

Skógarhöggsmenn eru fámenn stétt á Íslandi og enn fremur dreifðir víða um land. Námskeið sem þetta er því kjörinn vettvangur fyrir þá til að koma saman, efla kynni sín á milli og bera saman bækur sínar. Í tengslum við námskeiðið kom upp sú hugmynd að þeir myndu stofna með sér fagfélag og var skipuð þriggja manna nefnd til að annast undirbúning þess.

Glaðbeittir skógarhöggsmenn á námskeiði norska skógarvarðarins Espen Kirk Hansen (Mynd: SH).



Einar Gunnarsson hættir

Einar Gunnarsson skógfræðingur lét af störfum hjá Skógræktarfélagi Íslands í haust eftir um 20 ára starf hjá félaginu. Hann sinnti fjölbreyttum verkefnum fyrir félagið, jafnt á skrifstofu sem úti í mörkinni. Meðal annars hafði hann yfirumsjón með Landgræðsluskógaverkefninu sem hleypt var af stokkunum árið 1990 en í nafni þess hafa verið gróðursettar yfir tuttugu milljónir trjáplantna víðsvegar um landið. Þá vann hann ötullega að grisjun og umhirðu í jólaskóginum í Brynjudal og voru þau ófá jólatrén sem hann ferjaði úr dalnum í borgina á aðventunni. Eitt mikilvægasta framlag Einars til félagsins og skógræktar í landinu, er söfnun skógartalna, árlegs tölfræðiyfirlits skógargeirans, þar sem safnað er saman tölulegum upplýsingum um eitt og annað er viðkemur skógrækt, svo sem fjöldi gróðursettra plantna, fjöldi ársverka og sala á viðarafurðum. Af öðrum verkefnum sem Einar kom að má nefna umsjón með Opnum skógi, Vinaskógi, Kolviði og fræðslustarf og fyrirlestrahald.

Skógræktarfélag Íslands þakkar Einari fyrir vel unnin störf á undanförunum árum og óskar honum velgengni í framtíðinni.



Þormóðslundur vígður í Seljadalsskógi

Laugardaginn 29. júní efndu Skógræktarfélag Bíldudals og Arnfirðingafélagið til viðburðar í Seljadalsskógi í Bíldudal í tengslum við bæjarhátíðina Bíldudals grænar baunir 2019. Tilfnið var að vígja Þormóðslund til minningar um þá sem fórust með m.s. Þormóði 1943.



félagsins og tengsl þess við þá sem fórust með Þormóði. Pétur Bjarnason sagði stuttlega frá slysinu, aðdraganda þess og áhrifum þess á sögu Bíldudals. Friðbjörg Matthíasdóttir kynnti síðan fyrirhugað Vapp sem gera á um skóginn með styrk frá Ranníba. Skógarlundurinn var síðan formlega vígður og gefið nafnið Þormóðslundur til minningar um þá sem fórust með Þormóði og einnig helgaður öllum þeim sem áttu um sárt að binda eftir slysið.

Að lokum flutti Kolbeinn Gunnarsson frumsamin lög. Arnfirðingafélagið bauð upp á dýrindis veitingar og síðan var farið í gróðursetningu í skógarlandinu. Þetta var dásamlegur dagur og yfir 50 gestir í skógarlundinum sem nú heitir Þormóðslundur.

Nanna Sjöfn Pétursdóttir form. Sk.félags Bíldudals

Síðan ætluðu félagar í Arnfirðingafélaginu að planta trjám í skógræktinni.

Dagskráin í lundinum hófst með fræðslu um Skógræktarfélagið og Þormóðsslysið. Það var árið 1942 sem nokkrir framámenn í þorpinu höfðu forgöngu um að stofna skógræktarfélag og standa að skógrækt í Hólslandi inni í Bíldudalnum. Mikill áhugi þorpsbúa var þessum forgöngumönnum hvatning til framkvæmda. Vorið 1943 var áætlað að ganga frá stofnun félagsins en þá gripu örlögin þar inn í með hinu geigvænlega Þormóðsslysi þar sem flestir forgöngumennirnir fórust ásamt fjölda annarra. Þannig að það var ekki fyrr en árið 1945 sem Skógræktarfélagið var formlega stofnað fyrir forgöngu Kvenfélagsins Framsóknar. Fyrsti formaður þess var Jón S. Bjarnason.

Nanna Sjöfn Pétursdóttir, formaður Skógræktarfélagsins, fór yfir þessa sögu um tilurð



Kolbeinn Gunnarsson flytur frumsamin lög í Þormóðslundi (að ofan). Að athöfn lokinni var gróðursett í skógarlandinu (t.h.) (Myndir: NSP).



Litrík haustferð Garðbæinga

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur staðið fyrir haustferðum frá árinu 1998 og hafa þær mælst vel fyrir meðal félagsmanna. Ætíð er boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem heimsóttir eru áhugaverðir staðir fyrir ræktunarfólk, svo sem reitir skógræktarféлага, þjóðskógar, reitir í einkaeigu og gróðrarstöðvar. Ferðirnar eru að jafnaði fyrsta eða annan laugardag septembermánaðar og er þá lagt af stað að morgni og komið til baka síðdegis.

Í ár lá leiðin um Hvalfjörð og nágrenni og tóku um 20 félagar þátt í ferðinni. Lagt var af stað að morgni laugardagsins 14. september í heldur rysjóttu veðri og var fyrsti viðkomustaður skógurinn á Mógilsá í Kollafirði þar sem rannsóknastöð skógræktar hefur aðsetur. Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, leiddi hópinn um skóginn en jafnframt fengu menn að kíkja í gróðurhús

Trjáræktarklúbbsins undir leiðsögn Barböru Stanzeit, gjaldkera Skógræktarfélags Garðabæjar.

Því næst lá leiðin í Álfholtsskóg í Hvalfirði þar sem Reynir Þorsteinsson, formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps, tók á móti hópnum. Báðir þessir skógar eru ákaflega fallegir og fjölbreyttir sem gaman er að heimsækja og njóta, svo ekki sé talað um að geta verið í logni þegar vindurinn blæs allt í kring.

Í ferðinni var einnig skoðuð ræktun hjónanna Hilmar Ingólfssonar og Hugrúnar Jóhannesdóttur í Svarfhólsskógi í Svínadal og að lokum var komið við í jólatrjáareit félagsins í Brynjudal í Hvalfirði. Haustferðin var afskaplega ánægjuleg, fróðleg og nærandi þrátt fyrir að haustlægð væri með í för.

*Krístún Sigurðardóttir
formaður Skógræktarfélags Garðabæjar*



Fjölbreyttur gróður við sumarbústað í Svarfhólsskógi í Svínadal (Mynd: KS).



Það kennir ýmissa grasa í gróðurhúsi Trjáræktarklúbbsins á Mógilsá (Mynd: KS).

Líflegt haust í Höfðaskógi

Við hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar bjóðum upp á nokkra fasta viðburði yfir árið frá vori og fram eftir hausti. Í seinni tíð hefur meira verið boðið upp á haustviðburði á kostnað viðburða að sumri og hefur það mælst vel fyrir og mæting yfirleitt verið góð.

Þriðjudaginn 17. september stóð félagið fyrir sveppafræðslu og sveppagöngu í Selhrauni vestan við Hvaleyrarvatn. Leiðbeinandi var Helena Marta Stefánsdóttir náttúrufræðingur. Um þrjátíu manns mættu. Þátttakendur fundu talsvert af nýlegum furusveppum og fleiri tegundum sveppa sem Helena sagði frá, t.d. hvernig best væri að meðhöndla þá og geyma.

Sjálfboðaliðadagur að hausti var haldinn í tíunda skipti sunnudaginn 22. september. Fyrstu tvö árin, 2009 og 2010, var gróðursett í Seldal, landgræðsluskógasvæði félagsins. Næstu árin þar á eftir var gróðursett í Vatnshlíð, minningarlund um Hjálmar R. Bárðarson og Else S. Bárðarson. Í fyrra og í ár var gróðursett í jarðvegstippinn við Hamranes þar sem sorphaugar bæjarins voru áður. Gróðursettar voru á áttunda hundrað 3 – 4 ára trjáplöntur af elri, reyni, sitkagreni og fleiru. Um þrjátíu og fimm manns mættu í rigningunni þennan sunnudag og gróðursettu í grýttar brekkurnar upp af Hvaleyrarvatnsvegi í tvær klukkustundir.

Miðvikudaginn 25. september var námskeið í þöll á vegum „sigræna klúbbs“ Garðyrkjufélags Íslands í meðferð sigrænna græðlinga. Hátt í fjörutíu manns mættu.

Þriðjudagskvöldið 29. október var svo hin svokallaða ljósaganga í Höfðaskógi í samstarfi við

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins. Þessar ljósagöngur voru upphaflega hugsaðar til að vekja athygli á útivist og heilsusamlegum áhrifum skóga í tengslum við bleika mánuðinn en ljósagöngurnar eiga sér um tíu ára sögu. Í seinni tíð hafa þær þróast í þá átt að vera hrekkjavökugöngur. Félagið hefur fengið til liðs við sig aðila sem klæða sig upp í allra kvikinda líki og skjóta göngufólki skelk í bringu. Í fyrra mættu um hundrað manns í ljósagönguna og um fimmtán tóku þátt í undirbúningi hennar.

Jólatrjáasala félagsins fer svo fram í desember í Þöll. Þar er boðið upp á íslensk jólatré og skreytingar úr hráefnum skógarins. Sjálfboðaliðar sjá aðallega um jólatrjáasöluna sem fer aðallega fram helgarnar fyrir jól.

Steinar Björgvinsson framkvæmdastjóri



Sjálfboðaliðar gæða sér á veitingum eftir vel heppnaða gróðursetningu (Myndir: SB o.fl.).





Furðufuglar í skóginum

Löng hefð er fyrir því að fódra fugla við bækistöð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Þöll. Hólmfríður Finnbogadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins, kom nánast hvern einasta dag sem Guð gaf yfir veturinn og setti út fóður, líka fyrir hrafnninn. Margar sjaldgæfar tegundir fugla hafa sést á svæðinu í gegnum tíðina.

Snemma í vor hélt bókfinkupar sig við Þöll í nokkrar vikur. Ekki er vitað hvort parið verpti. Bókfinkur hafa nokkrum sinnum verpt hérlandis svo vitað sé. Bókfinka er á stærð við snjótittling og fyrst og fremst fræta. Einnig sást glóbrystingur í örfá skipti við Þöll snemma á árinu. Glóbrystingur hefur einnig verpt hérlandis en ekki fest rætur sem reglulegur varpfugl. Fyrir nokkrum árum sást fleygur glóbrystingsungi við Þöll að sumarlagi sem bendir til þess að glóbrystingar hafi verpt í nágrenninu. Glóbrystingar eru litlir með rauða bringu.

Tyrkjadúfa hélt sig í Höfðaskógi í nokkrar vikur í sumar. Tyrkjadúfupar hélt sig í skóginum í nokkur ár eða til ársins 2006. Síðan bættist við einn karlfugl, líklega afkvæmi þeirra. Þær hurfu svo eftir að hafa haldið sig við Þöll í ein þrjú ár. Líklega var það smyrill sem grandaði þeim.

Hettusöngvarar sjást árlega í skóginum. Karlfugl hefur sést við Þöll í allt sumar og haust. Lengi hefur verið grunur um varp hettusöngvara hérlandis. Hannes Þór Hafsteinsson garðyrkju- maður staðfesti loks varp hettusöngvara í sumar að Skógum undir Eyjafjöllum en hann sá þar nýfleyga hettusöngvaraunga ásamt foreldrum.

Varp glókolls virðist hafa verið með besta móti í ár og mikið af glókoli um allan skóg. Glókollur kemur ekki eða mjög sjaldan í fóður. Hann nærast á pöddum og eggjum þeirra árið um

kring. Minna er af krossnef miðað við undanfarin ár. Þó sáust fleygir ungar við Þöll í sumar. Krossnefir éta aðallega fræ barrviða yfir veturinn. Sjálf-sagt er það lítil uppskera köngla í ár sem veldur færri krossnefjum hér á suðvesturhorninu hið minnsta. Krossnefir koma gjarnan í fóður og þá aðallega sólblómafræ.

Steinar Björgvinsson framkvæmdastjóri

Fuglar í Höfðaskógi, tyrkjadúfa (efst), glókollur (að neðan) og krossnefur (neðst) (Myndir: BG).



Skógarferð til Suður-Tírol



Skógræktarfélag Íslands stendur á hverju ári fyrir fræðsluferð á erlenda grundu og nú í haust var stefnan tekin til Suður-Tírol (N-Ítalíu). Flogið var til og frá München og ekið þaðan til S-Tírol. Á svæðinu er löng og merkileg saga, þar sem mætast þýsk og ítölsk áhrif. Að sjálfsögðu var einnig haldið til skógar. Sérstaklega áhugavert var að skoða svæði þar sem orðið hafði mikið stormfall í kjölfar stormsins Vaia, sem gekk yfir svæðið 29. október 2018, en þá féllu tugþúsundir hektara af skógi.

Seinni hluta ferðar var gist í bænum Brixen. Við hann stendur fjallið Plose og er hægt að taka kláf upp á það. Uppi á fjallinu er búið að útbúa skemmtilega gönguleið – „Woodywalk“ – sniðna að börnum, þar sem ýmislegt skemmtilegt var í boði fyrir börnin, meðal annars þessi myndarlega uxakerra sem hægt var að príla á og í. Að sjálfsögðu var mikill meirihluti þeirrar aðstöðu sem þarna mátti finna úr viði, enda skógar allt í kring (Mynd: RF).



Skógarganga í Paneveggio, undir leiðsögn fulltrúa frá ríkisskógræktinni. Hér er verið að sýna tól og tæki sem notuð eru til að draga fellt tré út úr skóginum. Því miður náðist ekki að sjá þau í framkvæmd, því skógarvinnumennirnir voru akkúrat í hádegismat þegar hópurinn var á ferð (Mynd: RF).



Trentino-hérað er mikil matarkista og mjög mikil ræktun og framleiðsla á matvælum, sérstaklega eplarækt og víngerð. Mátti víða sjá girnilegar vínberjabrúgur hangandi á vínvið (Mynd: RF).



Meðal menningarstaða sem heimsóttir voru var Buonconsiglio-kastalinn í bænum Trento, sem gist var í fyrstu næturnar. Kastalinn er þekktur fyrir vel varðveittar freskur, meðal annars þessar fallegu freskur í „Arnarturninum“ (Torre Aquila) sem sýna mánuði ársins (Mynd: RF).

Fallegt landslag í Trentino-héraði. Dólómíta-fjöllin þar eru hluti Alpanna og einkennast af á köflum mjög bröttum fjöllum þöktum skógum. Inn á milli fjallanna eru svo fjalladalir þar sem stundaður er landbúnaður (Mynd: RF).



Marokkó - land skóga, fjalla og sanda

Næsta ferð Skógræktarfélags Íslands verður farin í byrjun október 2020 og áfangastaðurinn, Marokkó, er einstaklega spennandi því landið er mjög fjölbreytt og margt að gerast þegar kemur að skógrækt þó það sé ekki eins þekkt og matarhefðir eða byggingalist.

Marokkó liggur vestast í Norður Afríku, við Miðjarðarhafið jafnt sem Atlantshafið, teygir sig til Sahara-eyðimerkurinnar í suðri og Atlas-fjallgarðarnir mynda héruð með sterkum einkennum. Þessi ferð leiðir okkur víða um þetta stórbrotna land, frá Rabat þar sem „Tyrkirnir“ skildu eftir marga sem þeir rændu frá Íslandi, til Ifrane í Mið Atlas þar sem hlúð er vel að sedruskógi, svo suður á jaðar Sahara þar sem pálmalundir mynda einstakt og sérlega viðkvæmt vistkerfi og loks að strönd Atlantshafsins þar sem er að finna eina vaxtarstað argan-trésins í heiminum en úr því er unnin hin verðmæta argan olía. Þessi þrjú vistkerfi, sem einkenna suðurhluta Marokkó, eru okkur framandi og skógfræðingar eða aðrir fræðimenn munu gefa okkur innsýn í viðhald þeirra, erfiðleika, árangursríkar herferðir, ógnir og ávinninga – að ógleymdum samfélagslegum áhrifum.

Einnig verður áð á stöðum sem má ekki láta fram hjá sér fara svo sem hinni litríku og töfrandi Marrakech, sjávarborginni Essaouira frá tíma Portú-

gala, verslunarstöðunum Erfoud og Ait Benhaddou. Marokkó er land umburðalyndis og gestrisni og skilur mikið eftir í minningunni.

Ferðin tekur 11 daga (10 nætur) og verður gist 3-4 stjörnu sérvöldum hótélum. Leiðsögn verður í höndum enskumælandi og mjög fær Marokkó-manns og íslenskumælandi fararstjóra (Dominique Plédel Jónsson). Ferðast verður í þægilegri rútu með loftkælingu og nettengingu. Í október er hitinn 26-30°, loftslagið þurrt og engin krafa um bólusetningu eða vegabréfsáritun. Áhugasamir geta skráð sig á áhugalista á netfangið skog@skog.is til að fá nánari upplýsingar um ferðina um leið og þær liggja fyrir.





Draugar, forynjur og aðrar hræðilegar verur voru á ferli á hrekkjavöku í Einkunnum (Mynd: GKH).

Hrekkjavaka í Einkunnum

Skógræktarfélag Borgarfjarðar bauð upp á hrekkjavöku í Einkunnum í fyrsta sinn þann 31. október síðast liðinn. Þátttaka var mjög góð og komu börn með mömmum og pöbbum. Markaðir voru „hræðilegir“ göngustígar þar sem sjá mátti vofur læðast um skóginn, ljós blikka úr gjótum og draugaleg hljóð heyrðust. Leiðsögumenn fóru fyrir hópum um stígana enda erfitt að rata í myrkum skóginum. Ganga þurfti yfir brú, eftir grýttri slóð og klöngrast upp brekku. En við endastöð voru notalegar mót-tökur (fyrir þá sem komust alla leið) með stórum varðeldi, sykarpúðum og kakói. Myrkrið var ótrúlega svart nema við varðeldinn. Kyndlum var raðað meðfram stígum en þegar þeir brunnu upp varð myrkrið enn svartara. Undirrituð fékk að reyna á eigin skinni hvernig er að villast í myrkum skógi. Þegar ég var að taka niður vofurnar, þær sem létu ná sér, var ég kærulaus og sinnti ekki að fara

réttan stíg. Ég hlýt að finna varðeldinn hugsaði ég enda búin að fara með nokkra hópa um hann. En reyndin var að ég villtist og eftir á veit ég að ég fór langa leið norður og austur um Einkunnir en fann sem betur fer aftur bílastæðið og félagi mína.

*Laufey B. Hannesdóttir,
Skógræktarfélagi Borgarfjarðar*



Fræðst um rauðblaða birki

Skógræktarfélag Borgarfjarðar og Rótarýklúbbur Borgarness stóðu saman að fræðslufundi þann 23. október, þar sem Þorsteinn Tómasson plöntuerfðafræðingur flutti erindi um kynbætur á birki, bæði beinvaxnara birki og birki með rauð blöð. Á þriðja tug manna mættu til að hlusta á erindið, sem var mjög fróðlegt.



Þorsteinn Tómasson fer birkikynbætur (Mynd: RF).

Miklar endurbætur í Esjuhlíðum

Undanfarin ár hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur unnið að viðamiklum endurbótum á göngustígum í Esjuhlíðum og var framkvæmdum haldið áfram í ár. Mikilvægt er að sinna reglulega viðhaldi stíganna enda er þetta eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins og álagið eftir því. Félagið vann að ýmsum verkefnum í góðu samstarfi við verkfræðistofuna Eflu og hlaut jafnframt styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til vissra verkþátta. Styrkveiting ársins náði til almenns viðhalds á Esjustíg auk sértækra aðgerða ofan Þvergils. Einnig var unnið við lagfæringar á göngubrú, stikun og lokun hentistíga og lögn á stíg að nýjum áfangastað við Pálslund. Sumarið 2019 var stígurinn frá Esjustofu að Þvergili endurgerður á um 700 m kafla.

Auk vinnu við endurgerð göngustíga neðarlega í Esjuhlíðum sem unnin var með styrk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, var unnið að þróun og mótun útivistarleiða á svæðinu fyrir neðan Gunnlaugsskarð með það að markmiði að útvíkka svæðið, minnka álag á aðalleiðinni upp

að Steini og skapa aðstöðu fyrir fjallahjólafólk. Þrjár nýjar leiðir voru stikaðar á árinu, þar af ein gönguleið. Þá var mikið af þeirri vinnu sem unnin var á hjólaleiðunum unnin í sjálfböðastarfi.

Að lokum skal þess getið að Reykjavíkurborg veiti styrk til framkvæmda á gönguleiðinni upp að Steini. Fyrir þann styrk var unnið á fjórum stöðum, meðal annars var göngubrú við Mógilsá endurnýjuð og lagður stígur að nýja áningarstaðnum við Pálslund.



Ný göngubrú við Mógilsá, smíðuð úr grisjunarviði úr Heiðmörk (Mynd: Efla verkfræðistofa).

Svipmyndir frá jólatrjáaavertíð

Í gegnum tíðina hefur Skógræktarfélag Íslands útvegað smásöluverslunum jólatré jafnframt því að afgreiða sérpantanir fyrir fyrirtæki og stofnanir. Undanfarnar vikur hafa starfsmenn félagsins farið um sveitir í jólatrjáaleit og komið sigri hrósandi aftur í bæinn með pallinn fullan af nýfellðri stafafuru eða rauðgreni. Jólatrjáaavertíðinni fylgir einstök stemning enda fátt sem jafnast á við að dvelja daglangt í skóginum í góðum félagsskap. Kyrrðin er einnig óviðjafnanleg og ekkert sem rýfur hana nema stöku krunk í hrafni og brak í greinum.



Jólasógarnir



Mörg skógræktarfélög bjóða fólki að koma út í skóg og höggva jólatré á aðventunni og í hugum margra er þetta orðin ómissandi hefð. Þegar rétta tréð er fundið nýtur fólk þess gjarnan að orna sér við opin eld eða gæða sér á heitu súkkulaði og smákökum. Á vef Skógræktarfélags Íslands www.skog.is/jolatrjaavefurinn má nálgast upplýsingar um jólasóga skógræktarfélaganna, hvar þá er að finna, hvenær tekið er á móti fólki og hvað annað er í boði.

FRÆKORNIÐ 37

FRÆDLURIT: SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS
SITKABASTARÐUR



Frækornið fylgir með Skógræktarritinu til áskrifenda, en einnig er hægt að kaupa stök Frækorn, auk þess sem til er safnmappa með öllum útkomnum Frækornum.

Frækorn #37

Frækorn nr. 37 er nú komið út og fjallar það að þessu sinni um sitkabastarð eða hvítsitkagreni. Frækornið er lítill fræðslubæklingur sem fjallar um afmarkaða þætti skógræktar, til dæmis einstakar trjátegundir, ýmsar plágur sem herjað geta á trjágróður og skóga, fræ og fræsöfnun og margt fleira.

Frækornið fylgir með Skógræktarritinu til áskrifenda, en einnig er hægt að kaupa stök Frækorn, auk þess sem til er safnmappa með öllum útkomnum Frækornum.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands - www.skog.is/frækornid

Tækifæriskort 2019

Skógræktarfélag Íslands hefur um áraraðir gefið út tækifæriskort fyrir hver jóla og er kortið 2019 nú komið út. Að þessu sinni prýðir það myndverk eftir Írisi Elfu Friðriksdóttur er nefnist Dádýr. Myndverkið er einnig á forsiðu 2. tölublaðs Skógræktarritsins 2019.

Kortin eru auð að innan, þannig að nota má þau við hin ýmsu tilefni - sem jólakort, afmæliskort, boðskort eða hvaðeina sem fólki dettur í hug.

Einnig er enn til nokkuð úrval eldri tækifæriskorta félagsins. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands - www.skog.is/taekifaeriskort.



Barnahornið - lausn gátu í 2. tbl. Laufblaðsins 2019

